



## Samkeppnisstefna og vistvænn hagvöxtur

### - Útdráttur úr samnefndri skýrslu norrænu samkeppniseftirlitanna -

Hugmyndin um vistvænan hagvöxt er byggð á endurmati á því hvernig beri að mæla hagvöxt, einkum með tilliti til þess hvernig hagkerfi geti vaxið og dafnað í meiri sátt við umhverfið en hingað til. Þetta endurmat hefur þróast út frá mikilli og vaxandi áherslu sem stjórnvöld leggja á mótun nýrrar efnahagsumgjarðar sem skapað gæti svigrúm til hagvaxtar og þróunar og þar með leitt til aukinna lífsgæða án þess að umhverfið skaðaðist. Þannig hefur því verið haldið fram að vistvæn efnahagsstefna geti, samhliða nýsköpun, knúði hagvöxt til langs tíma, t.d. með fjárfestingu í endurnýjanlegum orkugjöfum og aukinni skilvirkni við nýtingu orku og hráefna. Í ljósi þessarar nýju áherslu hefur Efnahags- og framfarastofnunin tekið ákvörðun um að útfæra það sem kalla má vistvæna efnahagsáætlun (e. *Green Growth Strategy*).

Til þess að ná hinum metnaðarfullu markmiðum sem felast í vistvænu efnahagsáætluninni þarf stefnu sem byggir á kostnaðarhagkvæmni og samhæfingu lausna. Samkeppnisstefna hefur mikilvægu hlutverki að gegna að þessu leyti og það er hlutverk samkeppnisyfirvalda að tryggja að tekið sé tillit til samkeppnissjónarmiða.

Hagfræðirök og rannsóknir benda til þess að samkeppni sé eftirsóknarverð þar sem hún auki skilvirkni í hagrænni starfsemi og eflir þar með velferð neytenda og samfélagsins í heild. Virk samkeppni milli fyrirtækja tryggir að einvörðungu þau sem skilvirkust eru og best tekst upp við nýsköpun fái lífað af til langframa. Þrátt fyrir að erfitt sé að mæla þau áhrif sem virk samkeppni hefur á framleiðni og á hagkerfið í heild þá hafa fjölmargar ítarlegar rannsóknir sýnt fram á að samkeppni stuðli að aukinni framleiðni og þar með auknum hagvexti.

Sambandið á milli samkeppni og umhverfisstefnu er margþætt. Mikilvægt er að nýta markaðsöflin í tengslum við vistvænar efnahagsáætlanir því þau skapa skilyrði fyrir viðeigandi verðmyndun á markaðnum. Verðmerki sem endurspeglar umhverfisáhrif tryggja að réttir hvatar myndist til að draga úr mengun og þróa vistvæna tækni. Það er því mikilvægt að tryggja virka samkeppni í þessu samhengi. Skilaboðin sem verðinu er ætlað að koma á framfæri og endurspeglar umhverfisáhrifin geta að öðrum kosti ekki borist með skilvirkum hætti.

Virkt samkeppni og litlar aðgangshindranir ráða úrslitum við nýsköpun og örvun hreyfiafls á mörkuðum en þessir þættir gegna mikilvægu hlutverki við að ná markmiðum á sviði umhverfismála með sem lægstum tilkostnaði. Að því gefnu að umhverfisstefna sé vel úr garði gerð getur samkeppni á markaði þannig stuðlað að því að markmið á sviði umhverfismála náist á skilvirkan hátt.

Reglugerðir er lúta að umhverfismálum, stjórnsýsluleg framkvæmd þeirra og vissir starfshættir fyrirtækja á markaði geta haft neikvæð áhrif á samkeppni. Þannig getur samfélagslegur kostnaður við að ná markmiðum á sviði umhverfismála aukist. Hins vegar hefur aukið tillit verið tekið til samkeppnissjónarmiða á síðustu árum við lagasetningu víða um lönd og framkvæmd eftirlitsaðila verið að eflast. Þannig er eitt mikilvægt verkefni sem samkeppnisyfirvöld standa frammi fyrir í þessu sambandi fólgið í því að tryggja að lög og reglur á sviði umhverfismála hafi ekki skaðleg áhrif á samkeppni og að markaðslausnir séu



nýttar eftir föngum af umhverfisyfirvöldum. Samkeppnisyrirvöld geta nýtt margar leiðir til að rækja hlutverk sitt sem málsvari samkeppninnar til að ná þessu markmiði.

Mikilvægasta niðurstaða skýrslunnar er e.t.v. sú að samkeppnisstefna hafi mikilvægu hlutverki að gegna við þróun og framkvæmd vistvænnar efnahagsáætlunar og geti auðveldað umbreytinguna yfir í vistvænna hagkerfi.

Meginkaflar skýrslunnar eru þrír. Í þriðja kafla er sambandið milli samkeppnisstefnu og umhverfisstefnu kannað og því lýst. Í köflunum sem á eftir koma hefur verið gerður greinarmunur á beitingu stýritækja (*e. policy instruments*) og starfsháttum. Hið fyrrnefnda vísar til þeirra leiða og lausna sem stjórnvöld hafa mótað á sviði umhverfismála. Hið síðarnefnda vísar til hegðunar og starfshátta fyrirtækja á mörkuðum. Í sumum tilvikum njóta starfshættirnir viðurkenningar stjórnvalda. Í fjórða kafla er nánar vikið að vissum hliðum umhverfisstefnunnar og ljósi varpað á tiltekna árekstra sem hafa eða geta átt sér stað milli hennar og samkeppnisstefnunnar. Í fimmta kafla er gerð grein fyrir því hvernig umhverfisstefnan birtist í starfsháttum fyrirtækja sem starfa á mörkuðum sem tengjast mismunandi vistvænni starfsemi. Í sjötta kafla, lokakafla skýrslunnar, er horft til framtíðar.

## **Sambandið milli samkeppnisstefnu og umhverfisstefnu**

Eins og fram kemur í þriðja kafla er sameiginlegt markmið umhverfisstefnu og samkeppnisstefnu að standa vörð um og auka samfélagslega velferð.

Virk samkeppni getur stutt umhverfisstefnu með því að skapa skilyrði fyrir það að verðskilaboð er endurspeglar umhverfisáhrif berist með skilvirkum hætti innan hagkerfisins. Samkeppni styrkir umhverfisstefnu einnig með því að stuðla að nýsköpun og aukinni hagkvæmni en hvort tveggja verður að teljast mikilvægur þáttur í vel heppnaðri umhverfisstefnu.

Á hinn bóginn getur umhverfisstefna skaðað samkeppni með því til dæmis að auka aðgangshindranir inn á markaði. Þess vegna hefur Efnahags- og framfarastofnunin mælt með því að umhverfisyfirvöld láti jafnan fara fram samkeppnismat í tengslum við tillögur þeirra um aðgerðir í umhverfismálum. Samkeppnisyrirvöld einstakra landa geta aðstoðað við slíkt samkeppnismat og þau þurfa að gæta vel að því að benda á samkeppnishamlandi áhrif hinna margvíslegu reglugerða á sviði umhverfismála.

Fyrirtæki gætu mögulega borið fyrir sig umhverfislegum ábata (*e. environmental benefits*) til að verja lárétt samstarf (*e. horizontal practices*) sem þau eiga í og aðra starfshætti sem ella yrðu taldir hamla samkeppni og skaðlegir á grundvelli samkeppnislaga. Til þess að hægt sé að taka slíka réttlætingu gilda, þurfa ströng skilyrði að vera uppfyllt. Þeir starfshættir sem fyrirtækin beita í þessu sambandi þurfa að vera í samræmi við meðalhóf með hliðsjón af þeim markmiðum sem að er stefnt. Heildarútkoman þarf að fela í sér hreinan velferðarábata í formi minna álags á umhverfið sem þeir starfshættir eða fyrirkomulag sem beitt er leiða til en það sem verða myndi ef ekkert væri gert; og væntur velferðarábati þarf að vera meiri en tilkostnaðurinn. Til kostnaðar í þessu sambandi telst m.a. kostnaður vegna minni samkeppni og kostnaður sem aðilar á markaði þurfa að bera af því að starfa í



samræmi við lög og reglur (e. *compliance cost*), auk kostnaðar vegna áhrifa á aðila sem ekki taka þátt í viðskiptunum (þriðju aðila).<sup>1</sup>

## **Stjórnþæki umhverfisstefnunnar og áhrif þeirra á samkeppni**

Stjórnvöld geta valið á milli tvenns konar leiða til að bregðast við og leiðréttu fyrir neikvæðum úthrifum á umhverfið: hagrænna leiða og stjórnsýslulegra tilskipana. Hagrænar leiðir á borð við skattlagningu og styrkveitingar hafa óbein áhrif gegnum verðkerfið. Sala framseljanlegra mengunarheimilda, sem er önnur hagræn leið, hefur áhrif gegnum markaðsverðmyndun á heimildum til losunar á tilteknu magni mengunar sem ákvarðað er af stjórnvöldum. Stjórnvöld geta einnig beitt tilskipunum, s.s. fyrirmælum um hámark leyfilegrar losunar mengandi efna eða sett fram nákvæmar kröfur er lúta að vörutegundum, framleiðsluferlum eða tækni.

Í fjórða kafla er fjallað um virkni helstu stjórnþækja umhverfisstefnunnar og áhrif þeirra á samkeppni. Auk þess að fjalla um samkeppnishliðar skatta, styrkja og framseljanlegra kvóta er einnig fjallað um vistvæn opinber innkaup (e. *Green Public Procurement*) sem stjórnþæki við framkvæmd umhverfisstefnu. Í kaflanum er einnig fjallað um það mikilvæga málsvarahlutverk sem samkeppnisyfirvöld gegna við að benda á mögulega árekstra milli samkeppnisstefnu og umhverfisstefnu. Í þessu sambandi er mikilvægt að samkeppnisyfirvöld reyni að tryggja að viðeigandi stjórnvöld taki tillit til samkeppnissjónarmiða og veiti ráðgjöf um leiðir til að draga úr árekstrum eða aðgerðir til að aðlaga mismunandi markmið. Hér að neðan er ítarlegri samantekt um efni kaflans.

### **Skattar og styrkir**

Umhverfisskattar eru mikilvægt stýritæki til að draga úr ytri áhrifum á umhverfið, ekki síst vegna þess að beinir skattar á losun mengandi efna eru taldir vera hagfræðilega skilvirk lausn. Umhverfisskattar gefa aðilum sem stunda mengandi starfsemi hvata til þess að draga úr mengun upp að því marki að frekari minnkun mengunar yrði kostnaðarsamari fyrir þá en að greiða skattinn. Ef þessi leið er farin er á hinn bóginn nauðsynlegt að leysa erfið úrlausnarefni. Eitt þeirra er að ákvarða hið rétta skatthlutfall. Til þess að unnt sé að ná markmiðinu um skilvirkni þurfa allir þeir sem stunda mengandi starfsemi að standa frammi fyrir sama jaðarskatthlutfallinu. Í því felst annað vandamál sem þarf að leysa. Ef vissum skilyrðum er fullnægt geta framseljanlegar losunarheimildir leyst vandann um það hvernig ákveða skuli rétt skatthlutfall fyrir umhverfisskatta.

Styrkir geta verið með ýmsu móti. Þeir geta falist í ýmsum millifærslum, beingreiðslum, stuðningi (svo sem undanþágum frá skatti) og varnaraðgerðum hins opinbera. Þegar metið er hvort nota eigi styrkveitingar til að ná fram markmiðum umhverfisstefnu er mikilvægt að fram fari víðtæk greining á hreinum afleiðingum styrkveitinganna á samfélagslega velferð áður en ákvörðun um þær er tekin. Á hinn bóginn fer umhverfisstefna venjulega saman við markmið samkeppnisstefnunnar þegar styrkir til starfsemi sem skaðar umhverfið eru afnumdir.

---

<sup>1</sup> Sjá leiðbeiningar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins: "Guidelines on the applicability of Article 81 of the EC treaty to horizontal cooperation agreements" (2001/C 3/02).



## **Framseljanlegar losunarheimildir**

Markaður Evrópusambandsins fyrir losunarheimildir (*EU Emission Trading Scheme, ETS*) er talinn vera einn af hornsteinum loftslagsstefnu Evrópusambandsins. Verðið á framseljanlegum losunarheimildum hefur áþekku hlutverki að gegna og skattlagning. Í því kerfi ræðst verð á heimild til að losa kolefni út í andrúmsloftið annars vegar af því heildarmagni sem heimilt er að losa og hins vegar af jaðarkostnaði við minnkun losunar kolefnisins. Þegar heildarkvóti losunarheimilda hefur verið ákveðinn ákvarðast verð kolefnislosunarheimilda á markaði. Hin norrænu samkeppniseftirlit hafa við ýmis tækifæri haldið því fram að almennt séð ætti að bjóða losunarheimildir upp og þær ættu að ná yfir eins margar tegundir losunar og mögulegt er. Ennfremur hafa eftirlitin haldið því fram að þeir aðilar sem fyrir eru á markaði eigi ekki að njóta neins forgangs í þessu efni fram yfir ný fyrirtæki á markaðnum.

Til þess að markaður fyrir losunarheimildir geti virkað vel þarf samkeppni á heimildamarkaðnum að vera virk. Þegar losunarheimildir eru boðnar upp er mikilvægt að hugað sé vel að uppboðsfyrirkomulaginu til að tryggja skilvirka verðlagningu og koma í veg fyrir samráð við gerð tilboða. Af þeim sökum þurfa samkeppnisyfirlit að leitast við að koma í veg fyrir og uppræta samráð og aðra samhæfða háttsemi bæði fyrir og eftir uppboðið og einnig meðan á uppboðinu stendur.

## **Vistvæn opinber innkaup**

með hliðsjón af umfangi innkaupa hins opinbera í hlutfalli við verga landsframleiðslu á Norðurlöndum eru opinber innkaup í sjálfu sér öflugt stjórnþæki. Vistvæn innkaup hins opinbera geta því flýtt fyrir þróun markaða fyrir vistvænar vörur. Áður en til slíkra úrræða er gripið er vissrar varúðar þörf.

Því aðeins ætti að beita vistvænum opinberum innkaupum ef önnur stýritæki stjórnvalda ná ekki að eyða hinum skaðlegu umhverfisáhrifum. Ef önnur stýritæki hafa eytt hinum skaðlegu áhrifum geta frekari afskipti stjórnvalda, t.d. þau að setja umhverfisviðmið fyrir innkaup hins opinbera, leitt til óskilvirkni frá hagrænu og samfélagslegu sjónarmiði. Sé hinum skaðlegu umhverfisáhrifum ekki að fullu leyti eytt með öðrum stýritækjum stjórnvalda mætti beita vistvænum innkaupum til að ríða af baggamuninn.

Einnig er mikilvægt að hafa það hugfast að vistvæn opinber innkaup geta haft neikvæð áhrif á samkeppni ef skilyrðin sem eru sett fyrir vistvænum innkaupum valda því að umtalsvert færri fyrirtæki en ella geta lagt fram tilboð. Þetta getur aukið kostnað við innkaup fyrir hið opinbera. Vistvæn opinber innkaup geta einnig valdið verðhækkunum ef þau leiða til þess að aðilar á markaði þurfi að leggja í fjárfestingar til að geta boðið hina vistvænu vöru eða þjónustu til sölu. Loks er mikilvægt, eigi vistvæn opinber innkaup að hafa raunveruleg áhrif á umhverfið, að innkaupaaðilar beri kennsl á þær tegundir vöru og þjónustu sem hið opinbera kaupir mikið af og að það magn sem keypt er hafi í reynd umtalsverð áhrif á umhverfið.

Þá er það þýðingarmikið að viðmiðunarreglur við innkaup og innkaupaferillinn sjálfur séu í samræmi við meginreglur laga Evrópusambandsins um opinber innkaup, þar á meðal bann



við mismunun, samskonar meðferð, gagnsæi, meðalhóf og gagnkvæma viðurkenningu (e. *non-discrimination, equal treatment, transparency, proportionality, mutual recognition*).

### **Samkeppnishamlandi áhrif ráðstafana í umhverfismálum og mikilvægi samkeppnismálsvörunar**

Umskipti til vistvænna efnahagslífs kalla á margvísleg vistvæn úrræði á mörgum ólíkum sviðum. Rétt verðlagning á umhverfisgæðum getur ráðið úrslitum um skilvirkni umhverfisstefnunnar og viðeigandi hvata til nýsköpunar. Hinni réttu verðlagningu má best ná fram með virkri samkeppni. Án hennar er ekki unnt að koma verðupplýsingum sem endurspeglar umhverfisáhrif til skila með skilvirkum hætti. Af þessum sökum hafa samkeppnisyfirvöld það mikilvæga verkefni með höndum að boða markaðslausnir í umhverfismálum, þ.e. að rækja málsvarahlutverk sitt á sviði samkeppnismála.

Samkeppnisyfirvöld hafa einnig mikilvægt hlutverk sem lýtur að því að finna, meta og greina lög og stjórnvaldsfyrirmæli sem geta skekkt, takmarkað eða hamlað samkeppni að óþörfu. Þegar mat er lagt á samkeppnisleg áhrif af tilteknum vistvænum úrlausnaraðgerðum getur leiðsögn Efnahags og framfarastofnunarinnar um samkeppnismat (e. *OECD Competition Assessment Toolkit*) komið að góðum notum, bæði fyrir samkeppnisyfirvöld og fyrir þau yfirvöld sem viðkomandi umhverfismálaflokkur heyrir undir. Í mörgum tilvikum má endurútfæra hinar vistvænu úrlausnaraðgerðir með það fyrir augum að lágmarka þann skaða sem þær kunna að valda samkeppni á markaði.

Ennfremur ættu samkeppnisyfirvöld að boða vistvænar úrlausnaraðgerðir sem skekkja samkeppni sem allra minnst og leitast við að stuðla að skilvirkri málamiðlun milli samkeppni og umhverfisstefnu þegar það á við. Þetta hlutverk samkeppnisyfirvalda getur auk þess haft verulega þýðingu við að bæta lög og reglur á sviði umhverfismála.

Til þess að vel takist til við þessi verkefni þarf að tímasetja málaleitan og málsvörun samkeppnisyfirvalda vel og leita eftir stuðningi á stjórnmalavettvangi. Þá er ljóst að breytingar taka tíma og þrautseigja kann að reynast nauðsynleg.

### **Viðskiptahættir á vistvænum mörkuðum**

Umhverfisstefna getur endurspeglast í starfsháttum sem tengjast rekstrarskipulagi og verkefnum á sviði vistvænnar starfsemi, til dæmis á sviði endurvinnslu, meðhöndlunar sorps eða í fyrirkomulagi á sviði gæðavottunar.

Í fimmta kafla er bent á að samkeppnisyfirvöld hafi oft haft áhyggjur af rekstrarskipulagi og verkefnum af vistvænum toga. Það er einnig mikilvægt að rekstrarskipulag af þessum toga sé í sérhverju tilviki sniðið með þeim hætti að samkeppni stuðli að því að hin umhverfislegu markmið náist með skilvirkari hætti en ella. Kaflinn hefst á stuttri greinargerð um hin sérstöku einkenni samkeppnismála á „vistvænum mörkuðum“.

### **Samkeppniseftirlit og vistvænir markaðir**

Í kaflanum sem fjallar um lárétt samstarf/samninga á sviði umhverfismála í leiðbeiningum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (European Commission's guidelines) er tilgreint að slíkt samstarf eða samkomulag skuli teljast í eðli sínu brjóta gegn grein 101(1) í



Lissabonsáttmálanum (TFEU, áður gr. 81 í Rómarsáttmálanum) ef samvinnan snýst í raun ekki um að ná umhverfislegum markmiðum heldur þjónar því markmiði að dylja starfshætti sem skaða samkeppni á markaði.<sup>2</sup> Og jafnvel þótt tiltekið rekstrarskipulag á sviði vistvænnar starfsemi sé stutt af yfirvöldum er ekki hægt að nota það sem afsökun fyrir starfsháttum sem fela í sér misnotkun á markaðsráðandi stöðu.

Þrátt fyrir að sum málatilvik kunnir að vera tiltölulega skýr, geta markatilvikin verið mörg. Ennfremur er mögulegt að jafnvel þótt tiltekinn rekstrarsamningur á sviði vistvænnar starfsemi geti valdið samkeppnisyfirvöldum áhyggjum, þ.e. vegna þess að samkomulagið falli undir grein 101(1) í Lissabonsáttmálanum eða jafngild ákvæði í landslögum einstakra þjóða (sbr. 10. gr. íslenskra samkeppnislaga), gæti samkomulagið jafnframt haft í för með sér velferðarlegan ábata. Á mælikvarða einstakra neytenda eða neytenda almennt gæti slíkur ábati vegið þyngra á metunum en neikvæð áhrif samningsins á samkeppni. Til þess að það geti átt við þarf að vera ljóst að ekki sé unnt að ná sama ábata með aðgerðum sem hafa skaðminni áhrif á samkeppni, þ.e.a.s. að aðgerðirnar séu í samræmi við markmiðið. Til þess að standast prófið sem kemur fram í 101(3) grein Lissabonsáttmálans þyrfti velferðarábatinn ennfremur að eiga rót að rekja til þess að samningurinn hefði í för með sér minna álag á umhverfið en hefði hann ekki verið gerður, þ.e. hinn vænti velferðarávinningur verði meiri en velferðarkostnaðurinn vegna minni samkeppni.

### **Samkeppnishamlandi starfshættir í endurvinnslu og sorpstýringu**

Endurvinnsla og sorpstýring (e. *waste management*) eru vaxandi atvinnugreinar í mörgum löndum. Rekstrarskipulag sem gildir fyrir heilar atvinnugreinar á því sviði, til dæmis fyrir tilstilli atvinnugreinasamtaka eða sorprekstur í eigu einstakra atvinnugreina, er orðið býsna algengt og nýtur í mörgum tilvikum stuðnings umhverfisyrvalda. Þetta á sérstaklega við um endurvinnslu og sorpstýringu. Flest mál sem tengjast umhverfismálum og hafa komið til umfjöllunar hjá norrænum samkeppnisyfirvöldum á nýliðnum árum hafa tengst endurvinnslu og sorpstýringu.

Það geta verið góð rök fyrir því að skipuleggja slíka starfsemi á grundvelli heillar atvinnugreinar, einkum rök er lúta að stærðarhagkvæmni, skilvirkni í rekstri og því að fyrirbyggja að rekstraraðilar sem ekki taka þátt í kostnaði við skipulagið njóti eigi að síður góðs af því. Eins og mál sem hafa verið til meðferðar hjá norrænu samkeppniseftirlitunum sýna glögglega, þá eru eigi að síður ýmsar hliðar á slíku rekstrarskipulagi sem geta vakið áhyggjur samkeppnisyrvalda:<sup>3</sup>

- Hætta á smitáhrifum (e. *spillover effects*)
- Samtvinnun eftirspurnar (e. *bundling of demand*)
- Verðlagning og uppbygging gjaldskrár.

<sup>2</sup> Sjá leiðsögn framkvæmdastjórnarinnar (European Commission notice): "Guidelines on the applicability of Article 81 of the EC treaty to horizontal cooperation agreements" (2001/C 3/02).

<sup>3</sup> Samningar um söfnun og endurvinnslu sorps geta tengst og haft áhrif á tvo markaði, þ.e. (i) markaðinn sem fyrirtæki starfar á sem framleiðandi eða dreifingaraðili vöru og (ii) markaðinn fyrir sorpmeðhöndlun. Fyrri tilvikið vísar til þess að samvinna fyrirtækja að þessu leyti getur skapað hættu á *smitáhrifum* en þar er einkum átt við hættuna á því að kostnaður fyrirtækja verði sameiginlegur og stuðli þannig að áþekku vöruverði hjá öllum aðilum. Seinna tilvikið vísar til þess að samvinna fyrirtækja að þessu leyti kann að leiða til *samtvinnunar á eftirspurn*, þ.e. þannig að þau komi fram sem ein heild í eftirspurn sinni eftir söfnun, flokkun og endurvinnslu á sorpi. Áhrif þessa á markaðinn fer eftir markaðshlutdeild fyrirtækjanna sem eiga í samvinnunni.





Þessi mál sýna einnig að yfirvöld umhverfismála geta í mörgum tilvikum nálgast viðfangsefnið út frá samkeppnissjónarmiðum, eða a.m.k. þannig að það raski samkeppni sem minnst og þannig náð markmiðum umhverfisstefnunnar með hagkvæmari hætti en ella. Samkeppnisyfirvöld hafa mikilvægu hlutverki að gegna, bæði við að framfylgja samkeppnislögum þegar hin skaðlegu áhrif á samkeppni vega þyngra en umhverfislegi ábatinn og til þess að boða í auknum mæli lausnir sem byggja á samkeppni.

Það er einnig vert að nefna að þeim málum sem hin norrænu samkeppnisyfirvöld hafa fjallað um og tengjast vistvænum rekstri hefur í fjölmörgum tilvikum lokið með „mildilegri framkvæmd“ (e. *soft enforcement*) samkeppnislaga. Í þessum tilvikum brugðust aðilar máls við ábendingum samkeppnisyfirvalda með því að breyta sjálfviljugir því rekstrarskipulagi sem samkeppnisyfirvöld töldu skaðlegt.

### **Vottunarkerfi og samkeppnismál**

Vottun vöru varpar ljósi á sérstök einkenni hennar. Vottun er einkum beitt til að gefa til kynna að vara hafi einn eða fleiri traustseiginleika (e. *credence attributes*), en traustseiginleikar eru ósýnilegir eiginleikar sem erfitt er að dæma um hvort varan hefur til að bera eða ekki. Af þeim sökum getur vottun dregið verulega úr kostnaði við öflun upplýsinga. Eftir því sem kaupendur eru betur upplýstir verður auðveldara fyrir þá að aðlaga neyslu sína eigin þörfum eða óskum. Betri upplýsingar geta einnig orðið til þess að markaðurinn virki betur vegna meiri valhreyfanleika neytenda.

Vottun hefur orðið lykilþáttur í markaðssetningu á lífrænum matvælum og hún hefur einnig fengið meiri athygli á sviðum eins og byggingariðnaði og leigubifreiðapjónustu. Þegar vottun er innleidd eykst hvati framleiðenda til að þróa vörueiginleika sem neytendur sækjast eftir.

Fyrirtæki geta á hinn bóginn haft hvata til þess að hafa áhrif á þá mælikvarða/staðla sem vottunin byggir á til þess að þeirra eigin vörur fái forskot á vörur keppinautanna. Ennfremur geta tilraunir til að auka kostnað keppinauta átt sér stað, t.d. kynnu aðilar að reyna að beita sér fyrir því að mælikvarðar/staðlar sem vottun byggir á fái þrengri skilgreiningu eða beitt sér í því skyni að gera eftirlitskerfið óhagfelldara keppinautunum. Í tilvikum þar sem vottunarstaðlar eru óhagfelldir erlendum keppinautum getur þetta haft neikvæð áhrif á alþjóðleg viðskipti og samkeppni á alþjóðlega vísu.

Áhrif vottunar á velferð velta á því hversu vel vottunarstaðlar eru gerðir úr garði (þeir mega ekki mismuna aðilum) og hvort virk samkeppni er fyrir hendi á markaðnum. Samkeppnisyfirvöld hafa mikilvægu hlutverki að gegna í þessu samhengi sem felst bæði í því að vera málsvari samkeppninnar og í því að beita samkeppnislögum þar sem við á.

### **Framtíðarsjónarmið**

Samkeppni hefur umtalsverð áhrif á skilvirkni umhverfisstefnu. Af þeim sökum ætti samkeppnisstefna og skilvirk framkvæmd samkeppnislaga að vera óaðskiljanlegur hluti sérhverrar vistvænnar efnahagsáætlunar. Umhverfisstefna og samkeppnisstefna eiga það sameiginlega markmið að vernda og efla samfélagslega velferð og það er því þýðingarmikið að framkvæmd umhverfisstefnu og samkeppnisstefnu styðji hvor við aðra.



Reynslan hefur sýnt að stefna og rekstrarskipulag á sviði umhverfismála hafa tilhneigingu til að hamla samkeppni með því að auka aðgangshindranir og draga úr hvötum eða tækifærum fyrir virka samkeppni. Norrænu samkeppniseftirlitin hafa ítrekað bent á þessar samkeppnishamlandi afleiðingar.

Norrænu samkeppniseftirlitin hafa verið ákveðnir og skorinyrtir málsvarar þess sjónarmiðs að umhverfisstefna ætti að byggjast sem mest á markaðslausnum. Við útfærslu markaðslausna á þessu sviði er mikilvægt að huga vel að því hversu vel hinir „nýsköpuðu“ markaðir muni virka. Ef líklegt virðist, svo dæmi sé tekið, að verðmyndun á nýsprottnum markaði muni einkennast markaðsafli einstakra aðila er æskilegt að meta hvort annars konar rekstrarskipulag kæmi sér betur.

Í framtíðinni verður það sem fyrr mikilvægt verkefni samkeppnisyfivalda að vera málsvarar samkeppninnar og beita samkeppnislögum gegn samkeppnishamlandi áhrifum sem rekstrarskipulag á sviði umhverfisvænnar starfsemi kann að hafa. Þetta starf samkeppnisyfivalda verður mikilvægur þáttur í því að framkvæmd vistvænnar efnahagsáætlunar takist vel.

Viðleitni samkeppnisyfivalda á sviði samkeppnismálsvörunar mun styðja við áætlun ráðherraráðs Efnahags- og framfarastofnunarinnar um að „setja viðeigandi reglur og stefnu til að tryggja skýr verðskilaboð til langs tíma sem stuðla að skilvirkum niðurstöðum á sviði umhverfismála.“